

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Þingeyjarsveit.

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar samþykkti þann 10. nóvember 2016 óverulega breytingu á deili-skipulagi Þeistareykjavirkjunar, sbr. ákvæði 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin felst í því að lóð L-02, tengivirki, hliðrast um 1 m til vesturs og stækkar einnig um 3 m til vesturs. Byggingarreitir er stækkaður til vesturs vegna fyrirhugaðrar viðbyggingar. Reiturinn er einnig stækkaður lítillega til norðurs sem gefur kost á seinni tíma viðbyggingu. Nýtingarhlutfall reitsins breytist ekki.

Málsmeðferð var skv. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast deiliskipulags-breytingin þegar gildi.

Laugum, 24. nóvember 2016.

F.h. Þingeyjarsveitar,

Bjarni Reykjalin, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 8. desember 2016